

Lágmarksaldur tíka við fyrstu pörun

Tíkur skulu hafa náð að minnsta kosti 20 mánaða aldri þegar þær eru paraðar í fyrsta sinn. Þessi regla gildir um allar tegundir innan smáhundadeildar.

Í reglugerð um ættbókarskráningu hjá HRFÍ er kveðið á um 24 mánaða lágmarksaldur, en stjórn HRFÍ, samykkti á fundi sínum í ágúst 2010 að veita undanþágu varðandi tíkur innan smáhundadeildar og miða við 20 mánaða lágmarksaldur.

Athygli er vakin á því að ræktandi sem brýtur reglu um lágmarksaldur við pörun, verður kallaður fyrir siðanefnd HRFÍ.

Ræktendur eru nú sem fyrr, hvattir til að afla sér upplýsinga um þekkta arfgenga sjúkdóma í tegund sinni og þær heilsufarsskoðanir sem mælt er með að gerðar séu áður en ræktað er. Athygli er vakin á því að í sumum tilvikum eru gerðar kröfur um að niðurstöður úr heilsufarsskoðunum liggi fyrir, áður en hundur er paraður.

Stjórn smáhundadeildar er, ásamt tengiliðum, fús að veita upplýsingar og aðstoð, sé eftir því óskað. Stjórn deildarinnar hvetur ræktendur til að leita upplýsinga **áður** en hundar eru paraðir.

Netfang stjórnar: smahundadeild@gmail.com